

- 66 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar á Lágafelli“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. maí 1946. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar á Lágafelli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðrúnar á Lágafelli. Hann er stofnaður til minningar um Guðrúnu Sveinsdóttur, húsfreyju að Lágafelli í Austur-Landeyjahreppi, f. 14. marz 1873, d. 18. sept. 1945, af sveitungum hennar og vinum við jarðarför hennar hinn 29. sept. 1945.

Stofnfé sjóðsins er 4500 — fjögur þúsund og fimm hundruð — krónur.

2. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum, er leggjast skulu við höfuðstól hans. Gefa skal út minningarspjöld og halda sérstaka árstíðarskrá yfir nöfn þeirra manna, er minningargjafir eru gefnar um.

3. gr.

Ekki má veita fé úr sjóðnum fyrr en höfuðstóll hans nemur kr. 10000.00. Eftir það skal jafnan leggja við höfuðstól hálfra vexti, en hálfum ársvöxtum skal verja til styrktar samkvæmt 5. gr.

Er sjóðurinn nemur kr. 50000.00 má veita úr honum allt að $\frac{3}{4}$ hlutum ársvaxta.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtast í Söfnunarsjóði.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja bágstadda í Austur-Landeyjahreppi.

Veita skal styrk úr sjóðnum án umsóknar og án tillits til þess hvort sá er þiggur nýtur opinberrar framfærslu eða ekki.

Styrkur skal jafnan veittur á jólaföstu ár hvert.

6. gr.

Fjárveitingar úr sjóðnum skal annast nefnd, sem skipuð sé sóknarpresti og tveim konum kjörnum af kvenfélagi hreppsins. Nú er kvenfélag ekki starfandi í hreppnum og skal þá hreppsnefnd kjósa þær. Nefndin kys sér formann.

Nefnd þessi skal jafnframt annast fjársöfnun til sjóðsins og sjá um eflingu hans. Nefndin haldi gerðabók um störf sín. Í hana skal færa skipulagsskrá þessa.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera undir yfirumsjón sýslunefndar Rangárvallasýslu, er sér um ávöxtun hans og fjárreiður og birtir reikninga hans.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.